

Reykjavík, 16. maí 2013

**Umhverfisstofnun**  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

## Varðar: Framkvæmdir við nýja olúbirgðastöð á Ísafirði

Með vísan í bréf Umhverfissráðuneytisins dags 22. apríl 2013 þar sem heimild til áframhaldandi reksturs olúbirgðastöðva á Ísafirði án starfsleyfis var skilyrt því að Umhverfisstofnun væri send skýrsla um framgang mála, upplýsir Olúdreifing að staða einstakra verkþátta í byggingu nýrrar birgðastöðvar á Mávagarði er eftirfarandi:

### Lóðaúthlutun

Ísafjarðarbær úthlutaði félaginu lóðinni Mávagarði, lóð F þann 16. júlí 2012.


### Lóð

Burðarþolsmælingar sem Ísafjarðarbær framkvæmdu að beiðni Olúdreifingar leiddu í ljós að lóðin var ekki byggingarhæf fyrir þau mannvirki sem þurfti og þyrfti að fergja lóðina, þrátt fyrir að í samningi um lóðina hefði átt að skila henni byggingarhæfri þann 20. ágúst 2012.

Verkfræðistofan VSÓ gerði sigmælingar og tillögu um fergingu, sem byggt var á við ákvörðun um fergingu. Gerður var samningur við Ísafjarðarbæ um framkvæmdina sem gerir ráð fyrir afhendingu lóðarinnar til framkvæmda 1. mars 2013.


Eftir að fargið kom á í lok nóvember voru framkvæmdar 6 sigmælingar, eins og sjást á meðfylgjandi línuriti.

Gáfu þær til kynna að sigi væri lokið.




Mynd 1: Sigmælingar á fergingu

Hins vegar kom í ljós við uppmælingu sem framkvæmd var, að fargið var ekki rétt staðsett á lóðinni, þannig að sá hluti lóðarinnar, sem staðsetja á hæstu geymana á, var ekki fullfergð, sjá Mynd 2, þrátt fyrir niðurstöður sigmælingar.



**Mynd 2: Snið í farg á Mávagarði**

Búið er að færa fargið og framkvæma sigmælingar á þeim stöðum sem stærstu geymarnir í stöðinni eiga að standa. Er að sjá til enda í því ferli og ætti að vera hægt að hefja jarðvegsframkvæmdir á næstu vikum, en útboð er í gangi.



**Mynd 3: Sigmælingar eftir færslu á fargi Leyfi**

Umhverfisstofnun veitti stöðinni starfsleyfi þann 18. október 2012.

Sótt var um framkvæmdaleyfi til Ísafjarðarbæjar þann 9. júlí 2012, Teikningar hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun, en formlegt samþykki byggingarfulltrúa hefur ekki borst.

### **Framkvæmdir**

Verklegar framkvæmdir eru ekki hafnar og verður ekki hægt að hefja framkvæmdir fyrr en fergingu er lokið, en undirbúningur útboða og annarra framkvæmda stendur yfir, en áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir gætu tekið 3 mánuði frá afhendingu byggingarhæfrar lóðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ólfudreifingar ehf.

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi